

## Endurvakning hefðarinnar

*Þegar ég sat tíma í rökfræði í háskólanum fyrir um áratug lærði ég að nefna nokkrar algengar rökvillur. Þeirra á meðal taldist „tilvísun í hefð“, en í þeirri meinlegu villu vaða þeir sem telja sjálfkrafa rétt eða gott það sem rík hefð er fyrir. Ef ég man rétt mun þetta vera á meðal algengustu rökvillna. Hér á eftir er meiningin að fara fáeinum orðum um tilvísanir í hefð í íslensku samfélagi síðustu misserin, þótt nálgunin verði reyndar ekki rökfræðileg. Upphafsár nýrrar aldar hafa nefnilega einkennst af endur- og uppvakningu hefðarinnar á ýmsum sviðum, allt frá tónlist til stjórnmála, þar sem ólíkir hópar gera tilkall til fyrri tíðar og setja hana fram hver með sínum hætti og með margs konar ólíkri skírskotun til samtímans. Opnun Þjóðmenningarhússins, stofnun Þjóðbúningaráðs, samstarf Sigur Rósar og Steindórs Andersens og samþætting rapps og rímna eru nokkur dæmi um þær ólíku tilvísanir í hefð sem fram hafa komið á síðustu árum.*

Nú er að vísu ekkert nýtt að vísað sé til hefðar með þessum hætti. Endurreisnartíminn í Evrópu (u.þ.b. 1450–1650) einkenndist einmitt af slíkum vísunum. Um gervalla álfuna endurupp-götvaði yfirstéttin hina klassísku hefð frá Grikklandi og Róm. Heimspeki og önnur fræði einkenndust af tilvísunum í klassíska höfunda; með bogum, súlum og skrauti vísaði arkitektúrin aftur til Rómaveldis; leikbókmenntirnar tóku mið af grísku harmleikjahefðinni og skáldskaparfræði Aristótelesar; og tónskáldin byggðu á stærðfræði Pýþagórasar og tóku sér til fyrirmyndar uppbyggingu harmleikjanna í tónlist sinni – þannig varð óperan til. Fyrstu söfnin urðu einnig til á þessum tíma undir verndarvæng prinsar og greifa, en þar var reynt að fanga hefðina í eitt herbergi, flokka hana og nefna og ná henni þannig á sitt vald.

Í norðanverðri álfunni, þar sem Róm og Grikkland voru ekki jafn nærtæk, tóku menn að vísa til heimaræktaðrar hefðar í listum, bókmenntum og allra handa hagleik. Þannig vaknaði fyrst áhugi á Íslendingasögnum annars staðar á Norðurlöndum á tímum endurreisnarinnar, því þær mátti jú skoða sem hefð sem hægt var að vísa til og tengja sig þannig við þær. Miklu var

tjaldað til við söfnun þeirra og útgáfu, en dönsku og sænsku konungsveldin öttu kappi um hvort þeirra ætti ríkara tilkall til hinnar norrænu fortíðar (reyndar vék penninn reglulega fyrir sverðinu í þessum nággrannaerjum). Konungar þessara ríkja höfðu hvorir um sig á sínum snærum fjölmarga fornfræðinga til að rannsaka norrænu hefðina og skilgreina hana með hagsmuni ríkisins að leiðarljósi. Ynglingasaga Snorra Sturlusonar varð þannig einn af hornsteinum sænska ríkisins, enda eru þar taldir Sviakonungar allt frá því í árdaga, er Óðinn, Njörður og síðan Freyr réðu ríkjum. Á sextánda og sautjándu öld leituðu Danir og Íslendingar svo dyrum og dyngjum að svokallaðri Skjöldungasögu, þar sem talið var að ættir Danakonunga væru raktar með samsvarandi hætti, en sú leit bar reyndar ekki árangur.

### Hefðin að vera Íslendingur

Eins kannast margir við endurvinnslu fortíðarinnar í meðföllum rómantískra skálda og fræðimanna á níttjándu öld. Tilvísun Fjölnismanna til þess tíma er hetjur riðu um héruð kemur strax í hugann í þessu samhengi, en það væri langt mál að telja öll skáldin á níttjándu öld (og fram á

þá tuttugustu) sem vísuðu aftur í gullöldina og lögðu þannig sitt af mörkum til að skapa hefð í kringum það að vera Íslendingur. Við þá upptalningu mætti svo bæta söfnun og útgáfu þjóðsagna, hreitungustefnunnar og stórum hluta af söguritun þessa tímabils. Sjálfstæðisbaráttan byggðist að töluverðu leyti á tilvísun í þessa hefð.

Rétt eins og aðrar hefðir var íslenska hefðin mótuð um leið og vísað var í hana. Sjálf hefðarhugtakið snýst um samband nútíðar og fortíðar, en eins og rökwillan gefur til kynna er sambandið ekki einhlítt og það má túlka á marga vegu. Hefðir eru þannig alltaf umdeilanlegar, enda eru þær skilgreindar frá ákveðnum sjónarhóli; þær eru valkvæðar og með því að bregða birtu á ákveðna þætti úr fortíðinni og tengja þá saman með tilteknum hætti varpa hefðir jafnframt skugga á aðra þætti og aðrar tengingar. Ólíkar tilvísanir til hefðar draga upp ólíka mynd sem veltur á þeim hugmyndum sem menn gera sér um samtímann. Hefðir, með öðrum orðum, eru ekki til, þær eru *búnar* til.

Sjálfstæðishreyfingin var að sjálfsgöðu rötæk á sínum tíma, enda fól þjóðernisrómantikinn í sér umfangsmikla endurskilgreiningu á fortíðinni og sambandi hennar við samtímann. Sú þjóðernishefð sem vísað var til og mótaðist í þeirri orðræðu tók þó á sig tiltölulega fastmótada mynd sem við þekkjum ekki síst úr ættjarðarljóðum, en er líka gjarnan vísað til á tyllidögum. Þeir sem farið hafa með menningarlegt forræði hér á landi hafa mjög haldið á lofti þeirri fortíðarsýn sem felst í þessari orðræðu. Um margt bera tilvísanir í þessa hefð vitni um til-



raunir til að „loka“ henni, þ.e.a.s. að skilgreina hana í eitt skipti fyrir öll og gera önnur sjónarmið utangátta.

Engu að síður hafa annars konar tilvísanir lengi véfengt þessa skilgreiningu sem og forræði íhaldsmanna á þjóðmenningunni. Raunar voru þjóðernishyggja og ættjarðarsöngvar lengst af sérgrein róttækra vinstrimanna og herstöðvaandstæðinga á Íslandi. Á sjöunda áratug síðustu aldar fékk rauð þjóðernishyggja síðan byr undir báða vængi þegar þjóðlagaholskefla reið yfir Vesturlönd með nýrri kynslóð tónlistarmanna sem kenndu sig við alþýðuhefð (þ.á m. Bob Dylan, Joan Baez og Donovan). Sú alþýðuhefð var auðvitað mótuð í þeirra meðförum og gömlum gítargripum var snúið til andspyrnu við Víetnamstríðið og heimsforræði kapitalismans. Með vísan í alþýðuhefð skírskotuðu þessir mótmælasöngvar til betri tíma, þegar kærleikurinn réð meiru en Mammon, samkennd með náunganum var ríkarí og friður ríkti manna í millum. Víst er að erfitt yrði að finna þessari fortíðarmynd sögulegan

stað, enda var henni sjálfsgagt fremur ætlaður staður í framtíðinni – markmið þjóðlagasöngvара sjöunda áratugarins var pólitískt en ekk sagnfræðilegt; þeir vildu breyta heiminum, ekk lýsa honum.

Að þessu leyti svipaði tónlist þeirra reyndar til annarra tilvísana í hefð. Með því að koma ákveðnu skikki á fortíðina er reynt að móta framtíðina. Málshátturinn á jafn vel við þegar honum er snúið á haus: að framtíð skal hyggja er fortíð skal byggja. Ekki er nóg með að sigurvegararnir skrifi söguna, heldur hafa þeir sem skrifa söguna líka forskot í umræðum samtímans. Þess vegna er lagt jafn mikið upp úr því og raun ber vitni annars vegar að staðfesta og ítreka menningarlegt forræði og hins vegar að bjóða því byrginn. Hvort tveggja er gert með því að vísa í hefð, þó að tilvísanirnar séu vissulega ólíkar sem og þær myndir sem þær eru dregnar upp af fyrri tíð.

### Mótun söguvitundar

Þjóðmenningarhúsið er ágætt dæmi um tilraun þeirra sem forræði hafa í menningarmálum til að móta söguvitund landsmanna (og erlendra gesta). Þar er dregin upp tiltölulega einsleit og mótsagnalaus mynd af „menningararfi“, fortíð sem binda á Íslendinga samtímans tryggðaböndum hvern við annan, „þjóðmenningu“ sem er sett fram sem eins konar samnefari þjóðarinnar. Í salarkynnum Þjóðmenningarhússins eru sett í samhengi við samtímann: landnám, Vínlandsferðir og kristnisaga; sagnaritun og hin

helgu handrit sem höfð eru til sýnis í myrkvuðum katakombum; og sjálfstæðisbaráttan frá þjóðfundinum til lýðveldisins, með viðkomu hjá Jóni Sigurðssyni, Hannesi Hafstein, íslensku krónunni og stjórnarskránni.

Gegnt Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu stendur Alþjóðahúsið og er áþreifanleg áminning um

að ýmislegt er skilið útundan í þjóðmenningarhugtakinu sem innréttað var í gamla safnahúsið. Þjóðmenningarhúsið hefði nefnilega rétt eins getað sett fram sögu fjölbreytni. Draga hefði mátt upp mynd af landi þar sem frá öröfi alda kom saman fólk af ólíkum uppruna með ólík trúarbrögð og margvísleg móðurmál. Þess í stað völdu menn að leggja ríka áherslu á einsleitni: Á eina sögu, samhengi og samheldni.

**Rétt eins og aðrar hefðir var íslenska hefðin mótuð um leið og vísað var í hana.**

Myndin sem dregin er upp er af einni þjóð í einu ríki með eitt mál og eina trú (og einn gjaldmiðil), með sameiginlega fortíð, sameiginlegar sorgir og sigra.

Þjóðbúningurinn er annað dæmi um hvernig sníða má margbreytilegri fortíð einfaldan stakk. Svo sannarlega felst tilvísun í hefð í því að fara í þjóðbúning, enda er það gjarnan gert á hátíðisdögum – og þá í þeim tilgangi að tengja tilefni dagsins við fyrri tíð og ljá því þannig hátíðleik hefðarinnar. Með því að klæðast búningi formæðranna vísa konur til samfelldrar sögu og tengja eigin líkama við líkama ótal annarra kvenna sem hafa klæðst þessum búningi í aldanna rás. Allar tilheyra þessar konur einni þjóð og það undirstrika þær með einum búningi. En í reynd er þjóðbúningurinn ekki jafn einsleitur og ætla mætti. Sem „þjóðbúningur“ á hann rætur að rekja til rómantískra strauma 19. aldarinnar sem voru samtvinnuðir sjálfstæðisbaráttunni og hófu til vegs og virðingar alþýðuhefðir í nafni „þjóðarinnar“ á þeim tíma er þjóðríkin voru í mótun.

Íslensk þjóðernisorðræða snerist eins og kunnugt er mikið til um endurreisn gullaldarinnar, þjóðveldistímans („Nú er hún Snorrabúð stekkur ...“). Upphaf skautbúningsins – sem fjallkonan klæðist 17. júní – má þannig rekja til ritgerðar frá miðri 19. öld eftir Sigurð Guðmundsson málara, en hann fékkst jöfnum höndum við fornritin, fornleifarnar og forna þjóðhætti í rannsóknnum sínum á fornöldinni íslensku. Rannsóknir hans voru margar hverjar hagnýtar og það var einnig ritgerð hans „Um kvennbúninga á Íslandi að fornu og nýju“ er út kom árið 1857 í *Nýjum félagsritum* Jóns Sigurðssonar. Þar harmar hann mjög kventísku samtímans og finnur henni allt til foráttu, ekki síst erlend áhrif sem endurspeglast í henni að hans mati og honum þykja síður en svo vera til bóta. Með hliðsjón af rannsóknnum sínum á búningi íslenskra kvenna „til forna“ setti hann síðan fram tillögur um breytingar á gamla faldbún-

ingnum, teiknaði myndir, bjó til sníð og mynstur og hannaði íslenska skautbúninginn. Búningnum vildi hann að kvenfólk klæddist við hátíðleg tækifæri, enda taldi Sigurður hann vera í anda þess búnings sem konur höfðu klæðst á fyrstu öldum Íslandssögunnar. Það er svo til merkis um tíðarandann að þessi tillaga féll strax í góðan jarðveg og fyrstu skautbúningar voru komnir í notkun um 1859.

Ellefu árum síðar hannaði Sigurður síðan léttari útgáfu sams konar búnings sem var betur til þess fallin að dansa í. Sá búningur var „hér um bil alveg sá forni kyrtill að laginu til“, að því er segir í bréfi Sigurðar málara til Jóns Sigurðssonar þann 7. apríl 1870, en hann er enn talsvert notaður og nefnist kyrtill (eins og sá forni). Upphlutur er annar búningur sem tengdur er sögunni órofa böndum og gengur líka undir nafninu þjóðbúningur. Ef nánar er að gáð fór upphlutur hins vegar ekki að ryðja sér til rúms sem búningur fyrr en í byrjun tuttugustu aldar og varð ekki útbreiddur fyrr en nokkrum áratugum síðar.

Þessir búningar hafa síðan tekið talsverðum breytingum síðustu hundrað árin með tilkomu og þróun gerviefna ýmiss konar. Sérfræðingar segja hins vegar að aftur hafi dregið úr notkun gerviefna á síðustu áratugum. Á heimasíðu þjóðbúningaráðs segir þannig: „um aldamótin 2001 einkennast viðhorf til búningsins af viðleitni til stefnufestu“, en því næst fylgir lýsing á efninu sem nú er notað í hverja flik.

Einhverjir lesendur hafa e.t.v. staðnæmst við tilvist sérstaks þjóðbúningaráðs og þá hefur þeim orðið viðlíka við og mér þegar ég lenti á



heimasíðu þess ([www.buningurinn.is](http://www.buningurinn.is)). Þar kemur fram að menntamálaráðherra hafi skipað þjóðbúningaráð 1. janúar 2001 á grundvelli þingsályktunartillögu frá 10. mars 1999. Stofnun ráðsins er öðru fremur til merkis um þá viðleitni til stefnufestu sem ráðið sjálft telur einkenna viðhorfin til þjóðbúningsins í dag. Hlutverk ráðsins er að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð þeirra og því hefur verið falið að koma á fót leiðbeiningarþjónustu. Nú vil ég síst gera lítið úr mikilvægi þess að varðveita þekkingu á gömlum búningum og handverki og vona því að mér fyrirgefist þó ég bendi á að „stefnufesta“ í þessum efnum er einmitt til þess fallin að undirstrika einsleitni og draga fjöður yfir margbreytileika. Þetta er tilraun til að skilgreina hefðina þannig að hún uppfylli þörf þjóðríkisins fyrir samræmdan búning (sem fólk klæðist einkum þegar fagna á tilvist þessa þjóðríkis, á sjálfan þjóðhátíðardaginn).

Drífa Hjartardóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins flutti þingsályktunartillöguna um þjóðbúningaráð ásamt Sturlu Böðvarssyni og mælti m.a. fyrir henni með þeim orðum að það væri ekki sama hvernig með búninginn væri farið: „Við höfum horft upp á það að íslenskur þjóðbúningur er beinlínis afskræmdur og við

**Hefðir, með öðrum orðum, eru ekki til, þær eru búnar til.**

**Málshátturinn á jafn vel við þegar honum er snúð á haus: að framtíð skal hyggja er fortíð skal byggja.**



megum ekki láta það líðast að þannig sé farið með hann. Þetta er menningararfur og við verðum að fara vel með hann." (Alþingistiðindi 1998–99, 123. löggjafarþing B: 1008). Auk þess að varðveita þekkinguna og leiðbeina um notkun búningsins virðist þannig þurfa að vernda þjóðbúninginn fyrir fólkinu í landinu – en þetta er ágætt dæmi um viðleitni til að „loka“ hefð.

### Endurvinnsla þjóðlaga

Eitt af einkennum nútímans er mikil og vaxandi meðvitund fólks um sjálft sig og viðleitni til að móta ímynd sína og sjálfsmýnd; á þetta jafnt við um hópa sem einstaklinga. Endurvakning hefðarinnar tilheyrir þessari viðleitni. Um hana stendur oft mikill styr, því í tilvísun til hefðar felst krafa á fortíðina; þá kröfu gera jafnt þjóðlagahíppar sem íhaldssamir þjóðmenningarfrömuðir.

Undanfarin ár hefur svo borið á margs konar endurvinnslu á þjóðlagahefðinni sem hvorki verður með góðu móti kennd við íhaldssemi né hippahreyfinguna. Í maímánuði var t.a.m. kynnt framlag Íslands til norrænu tónlistarverðlaunanna, en þema verðlaunasamkeppinnar í ár var þjóðleg eða hefðbundin tónlist (upp á skandinavísku heitir það „folkemusik“). Annars vegar voru Sigur Rós, Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson tilnefnd fyrir *Hrafnagaldur Óðins*, hins vegar Sigurður Flosason og Pétur Grétarsson fyrir djassspunaverkefnið *Raddir þjóðar*. Í *Hrafnagaldri* er sem kunnugt er unnið úr íslensku rímnahefðinni á nýstárlegan hátt. Eins og segir í tilnefningunni, þá er þetta ekki rokk, ekki popp og hvorki djass né klassík; þetta er

eitthvað annað, nýtt og spennandi – en um leið ævafornt. Hér er semsé tvinnuð saman fortíð og nútíð, vísað til hefðar með skapandi hætti, með tengingum, bræðslu og tilraunum.

Sama máli gegnir um Raddir þjóðar, en þar slær Pétur ýmis hljóðfæri og Sigurður blæs í önnur, allt í bland við samklípt safn gamalla radda úr þjóðfræðasafni Stofnunar Árna Magnússonar sem kveða, syngja og segja sögur. Um þetta segir í tilnefningunni að þeir félagar reyni ekki aðeins að finna og endurlífga tónlistarhefð sem er um það bil að hverfa; þeir vilji einnig þróa og skoða íslenska tónlistarhefð sjálfstætt og með nýjum augum.

Það vekur athygli að hér er talað um íslenska tónlistarhefð eins og ekkert sé sjálfsagðara. Til skamms tíma var sú skoðun hins vegar ríkjandi að engin tónlistarhefð væri fyrir hendi á Íslandi, enda hefðu íbúar landsins í aldanna rás verið einkar ómúsíkalskir. Nú er aftur á móti gjarnan vísað í

þessa hefð og segja má að þetta sé gott dæmi um hvernig tilvísunin skapar hefðina og skapar hana auðvitað í sinni mynd.

Fyrirgreind lýsing á samvinnunni fortíðar og nútíðar og á þróun íslenskrar tónlistarhefðar í nýju samhengi gæti ekki aðeins átt við SigurRós, Hilmar Örn, Steindór Andersen, Sigurð Flosason og Pétur Grétarsson. Á menningarnótt Reykjavíkurborgar 2002 var gestum miðborgarinnar m.a. boðið upp á „Rímur & rapp“, þar sem rímnamenn og rapparar leiddu saman

hesta sína (upptaka af þessum viðburði var gefin út á samnefndum geisladiski). Raunar hafa ýmsir íslenskir rapparar mjög haldið á lofti samburðinum á rímum og rappi, vísa til rímnahefðar í rappinu og kalla jafnvel listformið sjálft „að ríma“ (þannig hefur Sesar A. „skrifað rímur í meira en 11 ár“). Þótt einhverjir hafi látið í ljósi efasemdir um skyldleika rapps og rímna (og bent á að þulur séu nærtækari tilvísun), þá er aðalatriðið í þessu samhengi að íslenskir rapparar kjósi yfirhöfuð að tengja sig við íslenska tónlistarhefð með þessum hætti. Um leið gera þeir auðvitað kröfu á fortíðina. Með því að setja hana í samhengi við rappið er íslenski menningarhefð stillt upp í nýju og allt öðru ljósi heldur en við þekkjum hana t.a.m. úr þjóðmenningarhúsinu eða af (stefnuföstum) þjóðbúningum. Sundurlyndið verður sýnilegra en ella, átökin leita upp á yfirborðið og jafnvel fer að glitta í sögulegt óréttlæti. Allt í einu fær íslensk menningarhefð á sig róttækan blæ, eins og hún sé með svolítið

attitúd.

Önnur dæmi úr tónlist samtímans eru mýmörg: Tilrauna sveitin Reptilicus gaf árið 1995 út gamla Ókindarkvæðið („Það var barn í dalnum sem datt onum gat ...“) á geisladisknum *O*; nýlega tók pönksveitin *Dys* svo Ókindarkvæði upp á sína arma ásamt Ómennskukvæði (að sögn hljómsveitarmeðlima kom þeim á óvart hvað hrynjandinn í kvæðunum er „mikið pönk“); söngkonan Eivör Pálsdóttir endurvinnur færeyska vísnahefð með sinni undurfögru rödd

**Gegnt  
Þjóðmenningarhúsinu  
við Hverfisgötu stendur  
Alþjóðahúsið og er  
áþreifanleg áminning  
um að ýmislegt er skilið  
útundan í þjóðmenning-  
arhugtakinu sem inn-  
réttað var í gamla  
safnahúsið.**

**Um margt bera tilvísunir í þessa hefð vitni um tilraunir til að „loka“ henni, þ.e.a.s. að skilgreina hana í eitt skipti fyrir öll og gera önnur sjónarmið utangátta.**



og spinnur úr henni magnaðar tónsmíðar sem verður m.a. að skoða sem innlegg í færeyska sjálfstæðisbaráttu; loks má svo benda á sigur Önnu Katrínar Guðbrandsdóttur og fjögurra manna strengjasveitar frá Menntaskólanum á Akureyri í Söngkeppni framhaldsskólanna í ár, en þau fluttu Vísur Vatnsenda-Rósu í R'n'B útsetningu (og maður ímyndaði sér Skáld-Rósu sem blúsaða svertingjarkonu í Suðurríkjunum).

### Að opna eða loka hefðum

Allt eru þetta dæmi um hvernig hægt er að „opna“ hefðina, túlka hana og setja í samhengi við samtímamann þannig að öllum möguleikum er haldið opnum og sköpunarkraftinum gefinn laus taumur. Þau má skoða sem nokkurs konar andstæður við viðleitni til að gefa mynd af fortíðinni í eitt skipti fyrir öll, að skilgreina hana og skýra og „loka“ þannig hefðinni, eins og gert er þegar reynt er að innleiða stefnufestu í notkun þjóðbúninga eða koma skikki á þjóðmenninguna í samnefndu húsi. Hvort tveggja felur að vísu í sér tilvísun til hefðar og á það sammerkt að skapa að nokkru leyti hefðina sem vísad er til, en nálgunin er engu að síður sláandi ólík.

Væntanlega fer enginn í grafgötur með hvor- um megin hryggjar samúð mín liggur. En ég er auðvitað ekkert mótfallinn skýringum og skilgreiningum; þó ekki væri nema vegna þess að án þeirra væri snöggum minni efniviður fyrir túlkun og bræðing. Best er að útlísta muninn á þessu tvennu með skírskotun til menningarpólítíkur, þ.e. togstreitunnar um forræði á menningarsviðinu: Á einhver íslenska menningu? Ef svo er, þá hver? Hver á tilkall til þess að setja fortíðina fram með sínum hætti? Þeir sem fara með

menningarlegt forræði í samfélaginu í krafti stofnana þess setja fram endanlegar skýringar og leitast við að „loka“ hefðinni, en skjóta um leið traustum stöðum undir þá mynd sem dregin er upp af samtímanum. Aðrir gera tilraunir til að „opna“ hefðina, setja fortíðina í nýstárlegt samhengi við samtímann og sýna þannig hvort tveggja frá öðru sjónarhorni en við eigum að venjast.

Þessar ólíku nálganir er ekki umorðalaust hægt að skilgreina til hægri eða

vinstri né tengja við íhaldssemi og frjálshlyndi, þótt vissulega fari þær í sumum tilvikum saman við svoleiðis andstæðupör. Í öðrum tilvikum er því ekki þannig farið. Fjölmennings- samfélagið hefur á undanförunum árum verið eitthvert helsta áhugamál þeirra sem predika frjálshlynd viðhorf og kenna sig við vinstrið í stjórnmálum, ekki aðeins hér á landi heldur alls

staðar á Vesturlöndum og þó víðar væri leitað. Hins vegar hættir fjölmenningspólitik til að missa sjónar á margbreytileika fólks. Menningareinkenni innflytjendahópa frá ýmsum ríkjum eiga það til að vera „fryst“ í frjálshlyndri orðræðu og fólki þröngvað til að lifa hálfgerðu þjóðbúningalífi sem fulltrúar „þjóðmenningar“ þess ríkis sem það eða for- eldrar þess fluttu frá. Margir kannast við fjölmenningsdaga í skólum þar sem börn eiga að koma klædd í þjóðleg föt upprun- lands síns, bera á borð rétti þaðan eða koma á annan hátt fram sem fulltrúar fyrir staðalmynd af framandi þjóð.

**Auk þess að varðveita þekkinguna og leiðbeina um notkun búningans virðist þannig þurfa að vernda þjóðbúninginn fyrir fólkinu í landinu – en þetta er ágætt dæmi um viðleitni til að „loka“ hefð.**

Hér fer lítið fyrir bræðing, opnun og nýju samhengi; þvert á móti er þetta viðleitni til að „loka“ hefðinni og, því miður, að loka fólki inni í henni.

Kannski villir forskeytið „fjöl-“ um fyrir fólki: Það eru ekki margar „menningar“ eða margir „menningarheimar“ sem hver um sig er ein- leit, lokuð heild. Það- an af síður eru „þær“ bundnar við landamæri þjóðríkja. Menning er aðeins til í eintölu. Innan hennar er rúm fyrir margbreytileika og endalaus um- sköpun, alls konar ólíkar tilvísanir til hefðar (jafnvel rökvillur), en þá er líka nauðsynlegt að nálgast hana með opnum huga og opnum örmum.

**Þjóðbúningurinn er annað dæmi um hvernig sníða má margbreytilegri fortíð einfaldan stakk.**



Efri mynd: Gréta Björg Jakobsdóttir, fjallkonan á Blönduósi, 17. júní 2003. Mynd: Húnahornið.

Neðri mynd: Róbert Arnfinnsson og Inga Þórðardóttir sem Fjalla-Eyvindur og Halla í Þjóðleikhúsinu 1950. Mynd: Vignir.

Valdimar Tr. Hafstein (f. 1972) vinnur að doktorsritgerð í þjóðfræði og menningarfræði við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Hann er stundakennari í þjóðfræði við Háskóla Íslands og hefur aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni.